

Mánudaginn 5. maí 1969.

Nr. 212/1968. **Halldór Sveinbjörn Þórðarson**

(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)

gegn

Hraðfrystistöðinni í Reykjavík h/f

(Guðmundur Pétursson hrl.)

Landshöfn Keflavíkurkaupstaðar og

Njarðvíkurhrepps

Sjávarútvegsmálaráðherra og

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Bergur Bjarnason hdl.)

**og svo til réttargæzlu Tryggingamiðstöð-
inni h/f**

(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál. Vinnuslys. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. nóvember 1968. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndu verði dæmt að greiða honum óskipt kr. 6.110.522.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 16. maí 1964 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en honum var með bréfi dómsmálaráðherra 6. marz 1969 veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti. Þá krefst áfrýjandi sjóveðréttar í v/s Viðey, RE 12, til tryggingar greindum fjárhæðum.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Hér fyrir dómi er af hendi áfrýjanda höfð uppi hærri fjárfrafa en gerð var í héraði, án þess að efni séu til að leyfa þá hækkun samkvæmt 45. gr. laga nr. 57/1962.

Með hliðsjón af því, hversu fjarlæg afleiðing af staðsetningu bryggjustaursins slys áfrýjanda var, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti þykir eiga að falla niður. Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti, þar með talin laun talsmanns hans, kr. 80.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti, þar með talin laun talsmanns hans, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 80.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

S é r a t k v æ ð i

Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

I.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir mega staðfesta niðurstöðu hans um sýknu Hraðfrystistöðvarinnar í Reykjavík h/f. Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður, að því er þennan málsaðilja varðar.

II.

Atvik að slysi þessu eru skilmerkilega rakin í héraðsdómi. Slysið varð um hjartan dag og í góðu veðri. Áfrýjandi virðist hafa verið allkunnugur í höfninni. Fyrir slysið stóð hann þar á skipinu, að hann mátti manna gerst sjá, að hætta var á, að skipið rækist á staur þann, er á bryggjuhorninu stóð, og að eigi mundi vera unnt að koma úr skipinu höggvara milli skips og bryggju án stórhættu fyrir þann, er það gerði. Bar áfrýjanda að tilkynna skipstjóra þetta, svo skipinu yrði lagt á annan hátt að bryggjunni. Þegar til þessa er lítið og gætt menntunar áfrýjanda og stöðu á skipinu, verður að telja, að hann hafi sýnt af sér verulegt gáleysi í störfum sínum í umrætt sinn.

Samkvæmt lögum nr. 23/1955 eru hafnarmannvirki stefnda Landshafnar í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi starfrækt á kostnað ríkissjóðs. Hlutverk Landshafnarinnar

er að veita skipum og útgerðarfyrirtækjum hafnarþjónustu gegn gjaldi. Meðal annars skulu fiskiskip, sem leggja afla sinn á land innan hafnarsvæðisins eða hafa þar uppsátur, greiða til hafnarsjóðs 1% af andvirði afla. Samkvæmt gögn- um málsins hefur staur sá, sem slysið varð við, staðið þarna um langt skeið og bar ljósker til að lýsa bryggjuna. Á árinu 1963 var lýsingu á bryggjunni breytt og ljósker tekið af staur þessum og öðrum sams konar staurum á bryggjunni. Staurarnir sjálfir voru hins vegar látnir standa óhreyfðir, þótt þeir væru nú eigi lengur til nota. Staur sá, sem slysið varð við, var þó fjarlægður eftir slys það, sem um er fjallað í máli þessu. Svo sem í héraðsdómi er rakið, mun staur sá, sem slysið varð við, hafa staðið í um 0.75 m fjarlægð frá bryggjuendanum og í um 1.0 m fjarlægð frá austurbrún bryggjunnar. Þar sem staurinn stóð svo nálægt bryggju- brúnnum, var nokkur hættá á, að skip, er lögðust að bryggj- unni, rækjust á hann. Svo sem áður var rakið, er það meðal annars hlutverk stefnda Landshafnar í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi að selja fiskiskipum legurými við bryggjur sínar til að leggja á land afla og annarra athafna. Gera verður þá öryggiskröfu til slíkra þjónustufyrirtækja, að þau nemi á brott tæki og hluti, sem ónauðsynlegir eru orðnir, en hættá getur stafað af, enda þótt áður hafi verið nauðsynlegir og til bætts öryggis. Samkvæmt þessu þykir verða að leggja að nokkru á stefnda Landshöfn í Keflavíkur- kaupstað og Njarðvíkurhreppi svo og sjávarútvegsmálaráð- herra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs fébótaábyrgð á tjóni því, er áfrýjandi varð fyrir í umrætt sinn.

Eftir atvikum þykir rétt að skipta fébótaábyrgð á tjóni þessu þannig að dæma stefndu Landshöfn í Keflavíkurkaup- stað og Njarðvíkurhreppi svo og sjávarútvegsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að bæta áfrýjanda tjón hans að $\frac{1}{4}$ hluta.

Kröfu sína hér fyrir dómi sundurliðar áfrýjandi þannig:
 1. Örorkubætur, kr. 6.319.242.00, að frá-
 dregnum dagpeningum, kr. 51.065.00,
 verðmæti örorkulífeyris, kr. 412.950.00, og

bótum frá Tryggingamiðstöðinni h/f, kr.	
150.000.00	kr. 5.705.227.00
2. Bætur fyrir þjáningar, lýti og röskun á stöðu og högum	— 400.000.00
3. Kostnaður við örorkumat og tjónreikning	— 4.545.00
4. Kostnaður við tjónreikning eftir uppsögu héraðsdóms	— 750.00
	<hr/>
	Kr. 6.110.522.00

Um 1. kröfulið. Við slysið skaddaðist vinstri handleggur áfrýjanda svo, að taka varð framhaldlegg af honum um 5 cm neðan við olnbogalið. Páll Sigurðsson tryggingayfirlæknir hefur metið örorku áfrýjanda af völdum slyssins, og segir svo í skýrslu hans um þetta efni: „Hér er um að ræða 23 ára mann, sem slasaðist við vinnu sína fyrir rúmlega 1 ári og missti vinstri handlim upp undir olnboga. Stúfurinn neðan olnboga er svo lítill, að hann kemur tæplega að gagni við að stýra gervilim. Vegna slyssins þá hefur maðurinn hlotið varanlega örorku, og telst sú örorka hæfilega metin þannig: Í 1 ár 100% örorka og síðan varanleg örorka 75%“. Þórir Bergsson tryggingafræðingur hefur hinn 14. október 1965 og 12. maí 1967 reiknað með líkindatölum fjárhagstjón áfrýjanda vegna slyssins. Við reikninga þessa er fyrrgreind örorka áfrýjanda svo og tekjur hans síðustu þrjú árin fyrir slysið lögð til grundvallar. Þá er gætt breytinga á kjörum og tekjum stýrimanna á fiskiskipum frá slysdegi til hins síðara reikningsdags. Þá er í hinum síðara reikningi miðað við 7% ársvexti. Eru niðurstöðutölur tryggingafræðingsins þær, að verðmæti fjárhagstjóns áfrýjanda vegna slyssins nemi miðað við slysdag alls kr. 6.319.242.00. Verðmæti örorkulífeyris þess, sem áfrýjandi fær frá Tryggingastofnun ríkisins, taldi tryggingafræðingurinn nema kr. 412.950.00.

Með hliðsjón af líkindareikningi þessum og þegar þess er gætt, að tekjur fiskimanna miðast við aflahlut, sem er ærið óviss á hverjum tíma, og að bætur þessar eru undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari, þá þykir heildartjón áfrýj-

anda samkvæmt þessum kröfulið hæfilega ákveðið kr. 2.500.000.00, og hafa þá verið frádregnir dagpeningar, kr. 51.065.00, og verðmæti örorkulífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 412.950.00.

Um 2. kröfulið. Tjón áfrýjanda samkvæmt þessum kröfulið þykir hæfilega ákveðið kr. 200.000.00.

Um 3. kröfulið. Kostnað þann, er hér um ræðir, er rétt að taka með málskostnaði.

Um 4. kröfulið. Eigi eru fyrir hendi skilyrði 45. gr. laga nr. 57/1962 til að hafa uppi hærri kröfugerð hér fyrir dómi en í héraði. Kemur þessi kröfuliður því eigi til álita.

Samkvæmt þessu telst heildartjón áfrýjanda samtals kr. 2.700.000.00. Ber stefndu Landshöfn Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps svo og sjávarútvegsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að bæta áfrýjanda $\frac{1}{4}$ hluta þess, kr. 675.000.00, að frádregnum þeim bótum, kr. 150.000.00, sem áfrýjandi hefur þegar fengið greiddar frá réttargæzlustefnda, Tryggingamiðstöðinni h/f, eða kr. 525.000.00 með 7% ársvöxtum frá 16. maí 1964 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber stefndu Landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi svo og sjávarútvegsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 150.000.00.

Áfrýjandi fékk hinn 6. marz 1969 gjafsókn fyrir Hæstarétti í máli þessu og sér skipaðan talsmann. Þykja gjafsóknarlausn hins skipaða talsmanns fyrir Hæstarétti hæfilega ákveðin kr. 80.000.00.

Dómsorð:

Stefndi Hraðfrystistöðin í Reykjavík h/f skal vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Halldórs Sveinbjörns Þórðarsonar, í máli þessu, en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Stefndu Landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvík-

urhreppi svo og sjávarútvegsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs greiði áfrýjanda kr. 525.000.00 með 7% ársvöxtum frá 16. maí 1964 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 150.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málssóknarlaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, ákveðast kr. 80.000.00.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 27. september 1968.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 4. þ. m., hefur Halldór S. Þórðarson, Klapparstíg 5, Keflavík, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 10. maí 1967, á hendur Hraðfrystistöðinni í Reykjavík h/f, Landshöfn Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps og sjávarútvegs- og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta in solidum að fjárhæð kr. 4.641.462.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 16. maí 1964 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Þá hefur stefnandi krafizt viðurkenningar á sjóveðrétti í v/b Viðey, RE 12, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Í greinargerð stefnanda var kröfugerð hans breytt á þann hátt, að þess var krafizt, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða kr. 6.109.772.00 ásamt vöxtum og málskostnaði sem í stefnu. Þá var og krafizt viðurkenningar á sjóveðrétti í v/b Viðey, RE 12, fyrir dæmdum fjárhæðum. Af hálfu stefndu var samþykkt, að kröfugerð stefnanda væri breytt á þennan veg án framhalds-stefnu.

Af hálfu Hraðfrystistöðvarinnar í Reykjavík h/f eru þær dómkröfur gerðar, að hún verði sýknuð af kröfum stefnanda og henni dæmdur hæfilegur málskostnaður að mati dómsins, en til vara er þess krafizt, að fjárhæð dómkröfu stefnanda verði lækkuð.

Af hálfu stefndu Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps og sjávarútvegsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs eru þær dómkröfur gerðar, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi hans að mati dómsins. Til vara er þess krafizt

af hálfu þessara stefndu, að fjárhæð dómkröfu stefnanda verði lækkuð.

Til þrautavara er þess krafizt, að sök verði skipt og þessir stefndu aðeins dæmdir til að greiða hluta af tjóni stefnanda.

Þá hefur stefnandi stefnt Tryggingamiðstöðinni h/f til réttargæzlu í málinu. Á hendur réttargæzlustefnda eru engar kröfur gerðar, og af hans hálfu eru heldur engar kröfur hafðar uppi í málinu.

Málavextir eru þeir, að um hádegisbil hinn 16. maí 1964 var v/b Viðey, RE 12, sem er stálskip 230 tonn að stærð, að koma úr róðri til Keflavíkur og var með farm af síld, sem landa átti þar. Var stefnandi stýrimaður á báti þessum. Voru skipverjar kvaddir til starfa til að aðstoða við að koma bátnum að bryggju. Var ætlunin að leggja v/b Viðeyju við svonefnda Miðbryggju, milli v/b Vöggurs og bryggjunnar. Var v/b Vöggur bundinn við bryggjuuna nálægt bryggjuendanum. Var v/b Viðey beint meðfram bryggjunni í átt að v/b Vögg. Var stefnandi á hvalbak v/b Viðeyjar bakborðsmegin og hugðist koma fyrir „stuðpúða“ milli skipsins og bryggju. Hásjávað var. Vildi þá svo til, að vinstri handleggur stefnanda varð milli hvalbaksbrúar skipsins og stauris, er stóð við bryggjuendann. Hlaut stefnandi við þetta áverka, sem leiddi til þess, að taka varð af vinstri handlegg um olnboga.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að lítið rými hafi verið í höfninni, er skipið kom þar. Hann kveðst hafa bent skipstjóranum á, að hægt mundi að leggja skipinu við garðinn, þar sem v/b Ingvar Guðjónsson hafi legið bundinn, en skipstjóranum hafi ekki litizt á það, enda hefði þá þurft að leysa v/b Ingvar Guðjónsson og fara með v/b Viðey inn á milli. Kveður stefnandi skipstjórann þá hafa ákveðið að leggjast að bryggjunni, þar sem v/b Vöggur hafi legið, og fara þar inn á milli v/b Vöggurs og bryggjunnar. Kveður stefnandi v/b Vögg hafa legið við svokallaða Miðbryggju, sem sé beint fyrir framan Olíusamlagið. Stefnandi kveðst hafa verið á hvalbak skipsins ásamt þremur öðrum skipverjum og kveðst muna, að einn þeirra hafi verið Jóhannes Halldórsson. Er komið var að v/b Vögg, kveður hann tvo af mönnum þeim, sem á hvalbaknum voru, hafa stokkið niður á bryggjuna. Kveður stefnandi menn þessa hafa farið í land til að losa v/b Vögg, þar sem engir menn hafi verið um borð í bátinum til þess að losa hann. Mætti telur, að stórstraumsflæði hafi verið, er atburður þessi varð, og áætlar, að hæðin frá hvalbak og niður á bryggjubrún hafi verið á þriðja metra. Kveðst stefn-

andi hafa verið með „stuðpúða“ í hendinni og kveðst hafa verið að koma honum fyrir milli skips og bryggju til þess að verja skipið skemmdum. Stefnandi kveðst hafa beygt sig niður og teygt vinstri handlegg sinn, sem hann hafi haldið „stuðpúðanum“ í, út á milli efstu og næst efstu rímar í handriðinu niður fyrir hvalbaksbrúnina. Áður en v/b Viðey kom að bryggjunni, kveður stefnandi hana hafa rekizt á v/b Vögg, sem þá hafi ekki verið búið að losa, og við það hafi v/b Viðey hrokkið aðeins aftur á bak og aðeins til bakborða. Kveðst stefnandi við það hafa klemmt á milli brúnar hvalbaksins og ljósastaur, er staðið hafi mjög nærri horni bryggjunnar. Kveður stefnandi handlegg sinn hafa klemmt fyrir neðan olnboga. Stefnandi kveður brún hvalbaksins skaga það langt út, að hann hafi orðið að teygja sig, eins langt og hann gerði, til þess að geta séð niður á bryggjuna, ef hann hafi átt að geta varið skipið með „stuðpúðanum“. Ekki kveðst hann þó muna, hvort hann hafi séð bryggjubrúnina í umrætt sinn. Stefnandi kveðst að mestu hafa verið fyrir innan handriðið á hvalbaknum, þegar slysið varð. Hann kveðst ekki hafa lagzt á hvalbakinn við verk sitt. Ekki hefur stefnandi getað gert grein fyrir því, hvar á hvalbaknum hann hafi staðið, er slysið varð, en gizkar á, að hann hafi verið fyrir miðjum hvalbaknum bakborðsmegin. Ekki kveður stefnandi skipstjóra skipsins hafa tekið eftir atburðinum, fyrr en hann hafi kallað til hans og sýnt honum handlegginn. Stefnandi kveður veður hafa verið mjög gott og heiðskýrt, er umrætt slys varð, og telur að golkaldi hafi verið á austan eða norðaustan. Stefnandi kveðst ekkert hafa séð athugavert við siglingu v/b Viðeyjar að bryggjunni í umrætt sinn.

Sævar Brynjólfsson, skipstjóri á v/b Viðeyju, hefur skýrt svo frá, að er skipið hafi komið inn á höfnina í umrætt sinn, hafi ekkert legurúm verið við bryggjurnar. Hann kveðst hafa séð, að v/b Vöggur hafi legið austan við svonefnda Miðbryggju og hafi verið lokið við að afferma hann. Kveðst Sævar hafa ætlað að leysa v/b Vögg frá og leggjast að bryggjunni, þar sem hann hafi verið, en binda hann síðan á stjórnborðssiðu v/b Viðeyjar. Sævar kveður v/b Vögg hafa legið um einn til tvo metra frá bryggjuendanum. Kveðst hann nú hafa stöðvað v/b Viðey um einn metra frá bryggjuendanum. Hann kveður vind hafa staðið á stjórnborðssiðu bátsins og kveður hann hafa rekið að bryggjunni. Hann kveður hásjávað hafa verið og kveður hæðarmismun á efstu brún á hvalbak og niður á bryggju hafa verið um tvo

metra. Sævar kveður menn hafa verið um borð í v/b Vögg og kveður vél bátsins hafa verið í gangi. Hann kveður stefnanda hafa staðið frammi á hvalbak v/b Viðeyjar, svo sem venja sé, og hafi tveir menn verið með honum, Jóhannes Halldórsson og maður, sem Sævar kveðst ekki muna, hvað heitir. Sjálfur kveðst Sævar hafa verið í stýrishúsi bátsins og stjórnað bátnum. Sævar kveður stýrimanninn eða einhvern annan af skipshöfninni hafa kallað til þeirra, sem voru um borð í v/b Vögg, og sagt þeim þá fyrirætlun að leggja Viðeyju í rúm v/b Vöggurs, eftir að hann hefði verið leystur frá bryggjunni. Kveðst Sævar telja, að einhver af áhöfn v/b Vöggurs hafi leyst hann frá bryggjunni. Sævar kveðst hafa séð stefnanda krjúpa undir eina rimina á handriðinu fremst á hvalbaknum bakborðsmegin til þess að koma fyrir „stuðpúða“ af venjulegri gerð. Kveður hann stefnanda hafa orðið að teygja sig fram yfir borðstokkinn til þess að geta séð hornið á bryggjunni. Ekki kveður Sævar neinn hafa verið á bryggjunni úr landi, er skipið lagðist að henni, en skipverji af v/b Viðeyju hafi stokkið niður á bryggjuna til að taka á móti festarendanum og muni það hafa verið í sömu mund og slysið varð. Sævar kveður stefnanda hafa verið staðinn upp, næst þegar hann leit á hann. Kveður hann sér hafa virzt eitthvað að honum og hafi hann haldið um vinstri höndina. Kveðst Sævar þá hafa séð, að stefnandi hafði slasast, og kveðst hafa gert ráðstafanir til að ná í lækni og sjúkrabifreið, svo fljótt sem unnt var. Nokkru síðar kveður hann lækni og sjúkrabifreið hafa komið á vettvang, en á meðan hafi verið hlúð að stefnanda eftir föngum. Sævar kveður gamlan ljósastaur standa þarna á bryggjuendanum og kveður hann ekki vera til neinna nota. Kveður hann stefnanda munu hafa lent með handlegginn milli ljósastausins og brúnar hvalbaksins framarlega bakborðsmegin. Ekki kveður Sævar neitt óvenjulegt hafa verið við landtöku skipsins í umrætt sinn.

Jóhannes Halldórsson var háseti á v/b Viðeyju í umrætt sinn, hefur skýrt svo frá, að v/b Viðey hafi verið að koma úr veiðiferð í umrætt sinn. Lítið rúm hafi verið í höfninni og hafi það ráð því verið tekið að leggjast upp að svonefndri Miðbryggju, en þar hafi v/b Vöggur legið bundinn. Kveður hann v/b Viðeyju hafa verið rennt upp að bryggjuendanum með bakborðssíðu að bryggjunni og kveður ætlunina hafa verið að koma skipinu milli v/b Vöggurs og bryggjunnar. Jóhannes kveðst hafa verið frammi á hvalbak ásamt stefnanda og öðrum manni. Hann kveður mann þann, sem með þeim var, hafa stokkið yfir á bryggjuna til að

leysa v/b Vögg og taka á móti festarenda frá v/b Viðeyju. Jóhannes kveður stefnanda hafa lagzt á hvalbakinn og verið að hagræða „stuðpúða“, sem hann hafi verið með í hendinni. Sjálfur kveðst Jóhannes hafa verið að fást við festarendann. Jóhannes kveðst hafa litið upp í sama mund og skipið hafi rekizt á ljósa-staur, sem sé staðsettur fremst á bryggjusporðinum. Kveðst hann þá hafa séð, að stefnandi hafði klemmzt á milli stausins og hvalbaksins. Ekki kveður Jóhannes v/b Vögg hafa verið farinn að síga frá bryggjunni, þegar v/b Viðey hafi siglt á hann. Ekki kveðst hann muna eftir því, að v/b Viðey hafi hrokkið til við áreksturinn á v/b Vögg, og kveðst telja það fremur ósennilegt, þar sem skrífa skipsins hafi unnið áfram. Jóhannes kveður það hafa verið skipverja af v/b Viðeyju, sem hafi losað v/b Vögg, en kveður ekki hafa verið búið að losa bátinn, þegar v/b Viðey rakst á hann. Jóhannes kveður ekki hægt að tala um árekstur í þessu sambandi, þar sem v/b Viðey hafi ekki rekizt með það miklu afli á v/b Vögg. Jóhannes kveður ekki hafa verið neitt óvenjulegt við siglingu v/b Viðeyjar í umrætt sinn. Hann kveður bátinn hafa verið látinn síga á milli v/b Vöggurs og bryggjunnar, eins og venjulega sé gert í slíkum tilvikum. Jóhannes kveður mjög hásjávað hafa verið og kveður hæð frá hvalbak og niður á bryggju hafa verið um tvo metra. Hann kveðst telja vafasamt, að stefnandi hafi veitt ljósastaurnum athygli, því að hann hafi verið að reyna að koma „stuðpúðanum“ á milli skipsins og bryggjunnar. Jóhannes kveður einhvern drátt hafa orðið á því, að læknir kæmi á vettvang, því að neyðarsími hafnarinnar hafi verið bilaður, og hafi einn skipverjanna, sem heima eigi rétt við höfnina, því hlaupið heim til sín og hringt í lækni þaðan.

Þorsteinn Árnason, háseti á v/b Viðeyju, hefur skýrt svo frá, að hann hafi staðið á brúarvæng skipsins og því haft gott útsýni yfir hvalbak þess, þar sem stefnandi og Jóhannes Halldórsson hafi verið. Hann kveður ætlun skipstjórans hafa verið að leggja skipinu að svonefndri Miðbryggju, en þar hafi v/b Vöggur legið. Því hafi þurft að koma v/b Viðeyju milli Vöggurs og bryggjunnar og þá losa afturenda v/b Vöggurs. Þorsteinn telur, að skipið hafi verið því sem næst stöðvað, en aðeins sigið undan vindi, er hann hafi séð, að stefnandi hafi lagzt á hvalbakinn undir handriðið og hafi verið með „stuðpúða“ í hendinni. Hafi stefnandi verið að koma „stuðpúðanum“ fyrir, svo að byrðingur skipsins skemmdist ekki, er skipið legðist að bryggjunni. Kveður hann stefnanda hafa teygt sig út fyrir handriðið og hafi herðar hans verið á mótis við

handriðið, en höfuð og herðar hans aðeins út fyrir það. Þorsteinn kveðst telja líklegt, að stefnandi hafi ekki tekið eftir ljósastaurnum, sem var staðsettur yzt á bryggjusporðinum fast við bryggjubrúna. Hann kveður hásjávað hafa verið, eða rétt um það bil háflæði, og hafi skipið því verið mjög hátt á sjó. Þorsteinn kveðst hafa gert sér grein fyrir því, rétt áður en slysið varð, að skipið mundi rekast á staurinn, en kveðst þó ekki hafa talið stefnanda í neinni hættu, því að ella hefði hann að sjálf-sögðu kallað til hans og aðvarað hann. Þorsteinn kveður skipið hafa snert staurinn og kveðst hafa séð, að hann skókst til. Strax á eftir kveður hann stefnanda hafa staðið upp og hafi hann sagzt hafa orðið á milli. Kveðst Þorsteinn þá hafa hlaupið fram á hvalbak og þá séð, að stefnandi hafði hlotið stórt opið sár á vinstri upphandlegg og að blóð fossaði úr sárinu.

Práinn Ögmundsson, háseti á v/b Viðeyju, hefur skýrt svo frá, að í umrætt sinn hafi verið ætlunin að koma skipinu milli v/b Vöggurs og bryggjunnar. Hann kveður því skipinu hafa verið rennt að bryggjunni með bakborðssiðu að bryggjusporðinum. Kveðst hann hafa stokkið um borð í v/b Vögg, þegar færi gafst, til þess að komast niður á bryggjuna, því að mjög hásjávað hafi verið og ekki hægt að stökkva úr v/b Viðeyju niður á bryggjuna. Práinn kveðst hafa verið nýkominn upp á bryggjuna og ætlað að fara að festa taug úr skipinu, er hann hafi heyrt bresti og óp. Kveðst hann þá hafa litið upp og séð, að stefnandi hélt um handlegginn og hafði slasazt.

Ragnar Björnsson, sem verið hefur hafnarstjóri í Keflavík frá 1950, hefur skýrt svo frá, að umræddur staur, sem verið hafi ljósastaur til lýsingar á bryggjunni, muni hafa verið reistur, um leið og bryggjan var byggð, en það hafi verið fyrir hans tíð sem hafnarstjóra. Ragnar telur, að það hafi verið sumarið 1963, að sett hafi verið upp fullkonnari lýsing við höfnina, svonefnd flóðlýsing. Þá hafi staurinn á bryggjunni verið óþarfur og hafi rafmagnið verið tekið af honum, en staurinn hafi verið látinn standa áfram. Ragnar kveðst hafa látið fjarlægja staurinn þegar eftir slysið. Ekki kveður Ragnar sér kunnugt um, að önnur slys hafi orðið við svona staura við höfnina. Hins vegar kveður hann það hafa komið fyrir nú í seinni tíð, að „bóma“ hafi slegið niður svona staur. Ekki kveður Ragnar sér kunnugt um, að bátar hafi áður rekizt á umræddan staur, þó að vera kunní, að bátar með mikinn „útslátt“ hafi rekizt á staurinn.

Af hálfu stefnanda er fébótaábyrgð stefnda Hraðfrystistöðvar-

innar í Reykjavík byggð á því, að orsök slyssins megi rekja til þess, að er verið var að leggja v/b Viðeyju að bryggju umrætt sinn, hafi skipið lent á v/b Vögg, sem þá hafi ekki verið búíð að losa frá bryggjunni. Við þetta hafi v/b Viðey hrokkið aftur á bak og hafi brún hvalbaks skipsins náð inn fyrir bryggjuna og lent á staur, sem þar hafi verið, en stefnandi, sem verið hafi að koma fyrir „stuðpúða“ til að verja v/b Viðey hnjaski, hafi orðið á milli skipsins og staurisins með vinstri handlegg. Hafi stefnandi slasast svo, að nema hafi orðið vinstri handlegg fyrir neðan olnboga í burt. Er því haldið fram, að slysið hafi orðið vegna vítaverðs gáleysis skipstjóra v/b Viðeyjar, sem stjórnað hafi siglingu skipsins í umrætt sinn. Þá er fébótaábyrgð þessa stefnda einnig byggð á því, að aðrir skipverjar, sem höfðu betri sýn yfir allar aðstæður, hafi ekki aðvarað stefnanda, og megi því einnig rekja orsök slyssins til þess. Er því haldið fram, að í báðum tilvikum beri stefndi Hraðfrystistöðin í Reykjavík sem eigandi og útgerðarmaður v/b Viðeyjar fébótaábyrgð á tjóni stefnanda af völdum slyssins, sbr. 8. gr. laga nr. 66/1963.

Við munnlegan flutning málsins var því haldið fram, að jafna megi atburði þeim, sem hér er fjallað um, til árekstrar og beita ákvæðum VII. kafla siglingalaga nr. 66/1963 við úrlausn málsins.

Fébótaábyrgð stefndu Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps og sjávarútvegs- og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er byggð á því, að ástand bryggju þeirrar, sem v/b Viðeyju var lagt að í umrætt sinn, hafi ekki verið forsvaranlegt, enda staðsetning stauris þess, sem slysið varð við, verið óforsvaranleg og staurinn hættulegur þar, sem hann stóð, og til þess fallinn að valda slysi sem þessu. Var því haldið fram við munnlegan flutning málsins, að þessir stefndu beri því hlutlæga ábyrgð á tjóni stefnanda af völdum slyssins. Því er og haldið fram, að það hafi verið vanræksla fyrirsvarsmanna hafnarinnar að láta ekki fjarlægja staurinn, og því beri þessir stefndu einnig fébótaábyrgð á tjóni stefnanda af þeim sökum.

Við munnlegan flutning málsins var að því vikið, að neyðarsími hafnarinnar hafi ekki verið nothæfur, er kveðja hafi átt til lækni eftir slysið. Virðist fébótaábyrgð þessara stefndu einnig vera á því byggð, að þar hafi einnig verið um að ræða vanrækslu fyrirsvarsmanna hafnarinnar, sem þessir stefndu beri ábyrgð á.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að honum verði gefin sök á slysi þessu. Er því haldið fram, að hann hafi ekki hagað sér öðruvísi en honum hafi borið, en auk þess sé á það að líta, að

hann hafi starfað undir verkstjórn og umsjón skipstjóra v/b Viðeyjar.

Af hálfu stefnda Hraðfrystistöðvarinnar í Reykjavík er því haldið fram, að slysið verði ekki rakið til neinna þeirra orsaka, sem valdi því, að þessi stefndi verði talinn bera fébótaábyrgð á tjóni stefnanda af völdum slyssins. Er því haldið fram, að ekki hafi verið færðar að því sannanir eða líkur, að slysið megi rekja til stjórnanda skipsins eða annarra þeirra manna, sem þessi stefndi beri ábyrgð á. Þá er því haldið fram, að staðsetning staurisins, sem slysið varð við, hafi skapað hættu, og hafi það verið vanræksla af hálfu fyrirsvarsmanna hafnarinnar að fjarlægja ekki staurinn. Er því og haldið fram, að því er varðar þennan stefnda, að hér sé um hreina óhappatilviljun að ræða, og verði stefnandi því að bera tjón sitt sjálfur.

Sýknukrafa stefndu Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps og sjávarútvegs- og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er í fyrsta lagi byggð á því, að umrætt slys verði eingöngu rakið til gáleysis stefnanda sjálfs, og verði hann því að bera tjón sitt sjálfur. Verði eigi fallizt á þessar sýknuástæður, þá er því haldið fram, að slysið megi rekja til ógætilegrar siglingar v/b Viðeyjar að bryggjunni, og beri því eigandi bátsins fébótaábyrgð á tjóni stefnanda.

Að lokum er því haldið fram til vara, að slysið verði rakið til gáleysis stefnanda sjálfs og gáleysis skipstjórans á v/b Viðeyju, og verði eigandi skipsins því að bæta stefnanda tjón hans að nokkru, en stefnandi að bera tjón sitt að hluta sjálfur.

Umrædd Miðbryggja í Keflavíkurhöfn er steinsteypt um 30 m löng og 7.6 m breið með viðlegurúmi báðum megin. Stóð staur sá, sem slysið varð við, á suðausturhorni bryggjunnar í um 0.75 m fjarlægð frá bryggjuendanum og í um 1.0 m fjarlægð frá austurbrún bryggjunnar. Má ætla, að staurinn hafi verið um 3—4 m hár.

Það verður eigi fallizt á það með stefnanda, að rétt sé að jafna atvikum máls þessa til árekstrar milli skipa og beita ákvæðum VII. kafla laga nr. 66/1963 við úrlausn málsins.

Það er alkunna, að þegar þrengsli eru í höfnum sé skipum, sem afferma þarf, lagt að bryggju fyrir innan skip, sem þar liggur. Stefnandi hefur haldið því fram, að hann hafi verið búinn að benda skipstjóra v/b Viðeyjar á annan stað í höfninni til að leggja skipinu. Ekki kemur það fram, að það hafi verið vegna öryggissjónarmiða, enda þurfti þar einnig að leggja skipinu að

bryggju fyrir innan annað skip, sem þar var fyrir. Þótt stefnandi hafi haldið því fram, að v/b Viðey hafi rekizt á staurinn, vegna þess að hún hafi rekizt harkalega á v/b Vögg, þá kemur fram hjá skipverjum, m. a. stefnanda sjálfum, að ekkert hafi verið athugavert við siglingu skipsins að bryggjunni. Stefnandi var stýrimaður á skipinu og var samkvæmt stöðu sinni frammi á hvalbak til að segja fyrir verkum. Ætlaði hann sjálfur að koma fyrir „stuðpúða“ til að verja skipið fyrir hnjaski, er það legðist að bryggjunni. Vegna menntunar sinnar og reynslu sem stýrimaður svo og samkvæmt eðli málsins mátti stefnandi gera ráð fyrir hreyfingum skipsins og því, að það kynni að snerta v/b Vögg, og einnig mátti honum vera ljóst, að brún hvalbaks skipsins næði inn fyrir bryggjubrúnina. Slysið varð um hádegisbil, og var heiðskirt og hjart veður. Hlaut stefnandi að mega sjá staurinn á bryggjunni, og hafði hann sjálfur beztar aðstæður til að meta afstöðu sína til hans og haga sér í samræmi við það. Það þykir því eigi nægilega í ljós leitt, að slysið hafi orðið vegna mistaka skipstjóra v/b Viðeyjar við stjórn skipsins eða af öðru gáleysi skipverja, og verður stefndi Hraðfrystistöðin í Reykjavík sýknuð af kröfum stefnanda í máli þessu.

Ekki munu vera fyrir hendi sérstakar reglur um fyrirkomulag lýsingar við íslenskar hafnir. Staur sá, sem slysið varð við, hafði verið notaður við lýsingu bryggjunnar, bæði þegar unnið var á henni og eins til að lýsa upp bryggjuna, er skip legðu að henni. Staurinn mun hafa verið reistur, um leið og bryggjan var byggð. Það er komið fram, að á árinu 1963 var fyrirkomulagi lýsingar við höfnina breytt. Var þá komið fyrir svonefndri flöðlýsingu á háum stálgrindarturnum, sem standa ofan við bryggjurnar. Var þá hætt að nota umræddan staur við lýsingu á bryggjunni. Það er eigi fram komið, að slys hafi áður orðið við umræddan staur eða aðra slíka staura á bryggjum hafnarinnar, og ekki er fram komið, að kvartað hafi verið yfir þeim. Það verður eigi talið, að staðsetning staurisins á bryggjunni hafi verið óforsvaranleg. Verður eigi á það fallizt, að staurinn hafi haft í för með sér slíka hættueiginleika, að fella beri á þá, sem ábyrgð bera á rekstri hafnarinnar, hlutlæga ábyrgð á tjóni stefnanda. Það verður heldur eigi metið fyrirvarsmönnum hafnarinnar til sakar, þótt þeir eigi létu fjarlægja staurinn, eftir að fyrirkomulagi lýsingar við höfnina var breytt. Þótt neyðarsími hafnarinnar hafi verið óvirkur, þá er eigi fram komið, að neitt samband hafi verið milli þess og slyssins eða afleiðingar þess. Þykir því verða að sýkna stefndu

Landshöfn Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps og sjávarútvegs- og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs af kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir, að málskostnaður í máli þessu falli niður.

Eiríkur Kristófersson, fyrrverandi skipherra, og Guðmundur Hjaltason skipstjóri kváðu upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Hraðfrystistöð Reykjavíkur, Landshöfn Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps og sjávarútvegs- og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Halldórs Sveinbjarnar Þórðarsonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði

Guðmundar Jónssonar borgardómara.

Ég er sammála niðurstöðu meiri hluta dómenda um sýknu stefnda Hraðfrystistöðvarinnar í Reykjavík og forsendur fyrir henni.

Að því er varðar kröfur stefnanda á hendur öðrum hinna stefndu, er niðurstaða mín þessi:

Eftir að fyrirkomulagi lýsingar við höfnina var breytt, var rafmagn tekið af ljósastaur þeim, sem umrætt slys varð við, en staurinn sjálfur svo og aðrir slíkir staurar voru látnir standa áfram. Þótt staðsetning stausins utarlega við bryggjubrún hafi áður verið talin nauðsynleg, þá var staurinn nú orðinn óþarfur, enda var hann fjarlægður þegar eftir slysið. Staurinn gat verið til trafala, er skip og bátar voru að leggja að þeirri hlið bryggjunnar, sem hann stóð við, og eins við affermingu og fermingu þeirra og gat skapað nokkra hættu í því sambandi, þótt eigi væru hættueiginleikar stausins brýnir. Við þessar aðstæður þykir rétt, að þeir, sem ábyrgð bera á rekstri hafnarinnar, beri nokkra áhættu af þessum hættueiginleikum samfara staðsetningu stausins. Þykir því rétt að fella á stefndu Landshöfn Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps og sjávarútvegs- og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs fébótaábyrgð á tjóni stefnanda af völdum slyssins.

Þegar virt er það, sem rakið hefur verið um aðdraganda slyssins, þá verður að telja, að stefnandi hafi ekki sýnt nægilega aðgæzlu, er hann hugðist koma „stuðpúðanum“ fyrir til að verja

skipið hnjaski, og verði hann því að bera tjón sitt að nokkru leyti sjálfur.

Eftir öllum atvikum þykir rétt að skipta fébótaábyrgð á tjóni stefnanda þannig, að hann beri sjálfur $\frac{2}{3}$ hluta þess, en stefndu Landshöfn Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps og sjávarútvegs- og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs bæti stefnanda $\frac{1}{3}$ hluta þess.

Verður nú afstaða tekin til fjárfrafna stefnanda, en þær eru sundurliðaðar þannig:

1. Bætur fyrir örorkutjón vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku	kr. 6.319.242.00
Frá þeirri fjárhæð hefur stefnandi dregið dagpeninga, sem hann hefur fengið greidda	— 51.065.00
svo og örorkulífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins	— 412.950.00
og örorkubætur, sem Tryggingamiðstöðin hefur greitt	— 150.000.00
	<hr/>
	Kr. 5.705.227.00
2. Bætur fyrir þjáningar, óþægindi og lýti	— 400.000.00
3. Kostnaður við mat á örorku og örorkutjónsútreikning	— 4.545.00
	<hr/>
	Kr. 6.109.772.00

Um 1. Páll Sigurðsson læknir hefur metið örorku stefnanda af völdum slyssins. Í bréfi, dags. hinn 13. ágúst 1965, segir svo um grundvöll matsins og niðurstöðu:

„Slysið varð með þeim hætti, að slasaði, er var stýrimaður á m.b. Viðey, varð á milli með vinstri handlim, er skipið var að leggjast að bryggju í Keflavík, þannig að handleggurinn marðist af.

Slasaði var til meðferðar hjá Jóni Jóhannssyni, sjúkrahúslækni í Keflavík, og í vottorði hans 26. 6. 1964 þá segir, að um hafi verið að ræða amputatio traumatica antibrachii sin. Hann lá á Keflavíkurspítala frá slysdegi til 25. 5.

Slasaði kom til viðtals hjá undirrituðum 22. 6. 1965. Hann skýrir frá slysi og meðferð, eins og lýst hefur verið. Segir, að

	Áætlaðar vinnutekjur	Áætlað vinnutekjutap
1. árið eftir slysið	kr. 409.975.00	kr. 409.975.00
Síðan árlega	— 423.783.00	— 317.837.00

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 99.454.00
Vegna varanlegrar örorku	— 4.758.478.00

Samtals kr. 4.857.932.00

Hér er varanleg örorka reiknuð 75% frá slysdegi og tíma- bundna örorkan umframörorka, meðan hún er metin.

Frá Tryggingastofnun ríkisins hefur Halldór fengið greidda dagpeninga fyrir tímabilið frá 24. maí 1964 til 28. júní 1965, kr. 51.065.00. Frá 28. júní 1965 fær Halldór greiddan fullan örorku- lífeyri frá Tryggingastofnuninni, og nemur verðmæti hans á slys- degi kr. 412.950.00.

Við útreikninginn hef ég notað 6% vexti p. a., dánarlíkur ís- lenzkra karla samkvæmt reynslu árána 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu“.

Að frumkvæði lögmanns stefnanda reiknaði tryggingafræðing- urinn að nýju verðmæti áætlaðs taps vinnutekna stefnanda hinn 12. maí 1967, og segir svo um grundvöll þess útreiknings og niður- stöðu í bréfi tryggingafræðingsins, dags. þann dag:

„Fyrri útreikningur minn á örorkutjóni Halldórs er dags. 14. október 1965. Síðan hafa átt sér stað verulegar hækkanir á at- vinnutekjum sjómanna og komið fram nýjar úrtakstölur frá Efnahagsstofnuninni. Vextir, sem notaðir eru við útreikning skaðabóta, hafa einnig hækkað úr 6% í 7%.

Ég hef gert alveg nýjan útreikning á tjóni þessu.

Forsendur eru þær sömu og í fyrri útreikningi nema vextir.

Áætlaðar vinnutekjur og vinnutekjutap verður nú:

	Áætlaðar vinnutekjur	Áætlað vinnutekjutap
1. árið eftir slysið	kr. 442.923.00	kr. 442.923.00
2. — — —	— 548.867.00	— 411.650.00
3. — — —	— 621.648.00	— 466.236.00
Síðan árlega	— 639.556.00	— 479.667.00

Verðmæti á slysdegi reiknast:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 106.960.00
Vegna varanlegrar örorku	— 6.212.282.00

Samtals kr. 6.319.242.00⁴

Eru endanlegar dómkröfur stefnanda byggðar á framangreindu örorkumati og hinum síðari útreikningi tryggingafræðingsins.

Af hálfu stefndu Landshafnar Keflavíkur og Njarðvíkur og sjávarútvegsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. rkissjóðs er fjárhæð kröfuliðs þessa mótmælt sem of hárrí. Er því haldið fram, að niðurstaða framangreinds örorkumats sé óeðlilega há. Einnig er því haldið fram, að í útreikningi sínum miði tryggingafræðingurinn við óeðlilega háar meðaltekjur, og byggist sú niðurstaða á viðmiðun við hæstu tekjur stýrimanna á síldveiðiskipum á einstæðum aflaárum, en slíkt sé algerlega óraunhæft. Þá er því haldið og fram, að við ákvörðun bóta beri að taka tillit til þess, að bætur sem þessar séu undanþegnar álagningu opinberra gjalda, svo og þess hagræðis, sem stefnandi hafi af eingreiðslu bóta.

Framangreindu mati á örorku stefnanda hefur ekki verið hnekkt, og verður það því lagt til grundvallar við úrlausn málsins. Það er ljóst, að tekjur fiskimanna byggjast að verulegu leyti á aflaverðmæti, sem er breytilegt og háð ýmsum atvikum, en ekki þykja hafa verið færð að því nægileg rök, að útreikningur tryggingafræðingsins sé byggður á slíkum grundvelli, að ekki megi hafa hann til viðmiðunar við úrlausn málsins.

Þegar framangreind atriði eru virt svo og önnur þau atriði, sem hafa ber í huga við ákvörðun bóta sem þessara, þá þykir tjón stefnanda hæfilega metið kr. 3.100.000.00, og hafa þá verið dregnar frá greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins og réttargæzlustefnda, enda er eigi annað fram komið en að sú greiðsla sé óendurkræf.

Um 2. Af hálfu stefnda er fjárhæð þessa liðs mótmælt sem of hárrí. Hér er að framan lýst afleiðingum slyss þess, sem stefnandi varð fyrir. Eftir öllum atvikum þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 175.000.00.

Um 3. Kröfuliður þessi er studdur framlögðum gögnum og hefur ekki sætt sérstökum andmælum. Verður hann því lagður til grundvallar við úrlausn málsins óbreyttur.

Samkvæmt þessu tel ég tjón stefnanda nema kr. 3.279.545.00

(3.100.000.00 + 175.000.00 + 4.545.00), og af því tel ég, að dæma beri stefndu Landshöfn Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps og sjávarútvegs- og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til að greiða $\frac{1}{3}$ hluta, eða kr. 1.093.181.66, með 7% ársvöxtum frá 16. maí 1964 til 1. janúar 1965, með 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 92.000.00 í málskostnað.

Dómsorð mitt verður því þannig:

Stefndi Hraðfrystistöðin í Reykjavík skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Halldórs Sveinbjarnar Þórðarsonar, í máli þessu, og fellur málskostnaður milli þessara aðilja niður.

Stefndu Landshöfn Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps og sjávarútvegs- og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs greiði in solidum stefnanda kr. 1.093.181.66 með 7% ársvöxtum frá 16. maí 1964 til 1. janúar 1965, með 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 92.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 12. maí 1969.

Nr. 59/1969. **Bjarni Bender og Ingi Ársælsson**

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

gegn

Þjóðleikhússtjóra f. h. Þjóðleikhúsráðs

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dóminn skipuðu hin'r reglulegu dómara Hæstaréttar.

Útburðarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. marz 1969. Krefjast þeir þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, synjað verði um útburð þann, sem krafizt er á hendur þeim, og stefnda verði dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.